

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2016-2017 01.12. 2016 6. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er desembermánuður genginn í garð með allri sinni ljósadýrð og hlýleika. Það urðu eflaust einhverjir glaðir þegar fór að snjóa í gær þar sem mörgum finnst nú ekki jólalegt um að litast þegar snjóinn vantar en hann stoppaði stutt. Við ætlum nú samt ekki að kvarta yfir þessu dásamlega veðri sem hefur verið hjá okkur þetta haustið.

Við viljum biðja þá foreldra sem telja þörf á því að keyra nemendur í skólann að setja þá út við fremra hringtorgið. Þar komast nemendur inn á skólalóðina og geta gengið beint inn í sínar forstofur. Við hvetjum samt alla til að ganga í skólann en það er liður í okkar umhverfisstefnu. Einnig er nauðsynlegt að nota endurskinsmerki á þessum árstíma.



Niðurstöður samræmdu prófanna liggja nú fyrir. Inn á heimasíðu skólans er hægt að skoða niðurstöður frá árunum 2007-2016, slóðin er <http://siduskoli.is/static/files/samraemdar%20einkunnir/2007-2016a.pdf>

Í desember verður mikið um að vera í skólanum. Uppbrot verða í skólastarfinu þar sem við munum meðal annars fönndra, syngja saman jólalög á söngsal, fara á tónleika, sjá jólaleikrit, heimsækja Minja-safnið og ýmislegt fleira.

Litlu jólin verða þann 21. desember. Við munum halda fyrirkomulagi síðustu ára og hafa allan skólann á sama tíma á litlu jolum. Það koma því allir í skólann kl. 9.00 og fara heim kl. 11.00. Fyrst verður hópnum skipt í salinn og stofur en eftir það hittast svo allir í íþróttasalnum og ganga saman í kringum jólatréð. Frístund er opin þennan dag til kl. 13.00 fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk en frá kl. 13.00 er opið fyrir þá nemendur sem þar eru skráðir, greiða þarf sérstaklega fyrir þennan tíma.

Skólinn hefst svo aftur eftir jólaleyfi miðvikudaginn 4. janúar samkvæmt stundaskrá. Þriðjudaginn 3. janúar er skipulagsdagur og frístund opin frá kl. 13.00.

Starfsfólk Síðuskóla óskar nemendum og foreldrum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakkar samstarfið á árinu sem er að líða.

Með hækkandi sól höldum við svo áfram að vinna saman, ná árangri og gleðjast!

Bestu kveðjur úr skólanum,

Ólöf Inga

Á döfinni í desember:

- | | |
|----------|-------------------------------------|
| 1. des. | Spurningakeppni á unglingastigi |
| 8. des. | Jólasöngsalur |
| 21. des. | Litlu jólin og jólaleyfi hefst |
| 4. jan. | Kennsla hefst að nýju eftir jólafrí |



Hitt og þetta

Jólafondur: Nú er skólinn óðum að fá á sig hátíðlegan blæ. Jói húsvörður er búinn að setja upp seríur í innigarðinn hjá mat-salnum og stjörnur í glugga ásamt því sem kennarar hafa skreytt í stofum nemenda.

Upplestur: Núna í nóvember og desember hafa höfundar komið í skólann og lesið upp fyrir nemendur. Ævar vísindamaður kom upp úr nýrri bók sinni, Þín eigin Hrollvekja, fyrir 4. - 7. bekk. Þá kom Sólmyrkva - Sævar í morgun og var með fræðslu fyrir 3. - 10. bekk um sól-kerfið. Fullt af flottum upplestrum í desember!



Lestur er mikilvægur þáttur af starfinu í skólanum. Við höfum reglulega lestrarátök í skólanum þar sem nemendur eru hvattir til lestrar. Núna í nóvember höfðum við lestrarkeppni þar sem hver og einn nemandi las eins mikið og mögulegt var á hálfum mánuði. Það var allt skráð niður og í lokin var samanalögðum tíma deilt með fjölda nemenda í bekk til að fá út hvaða bekkur las mest á hvern nemanda. Niðurstaðan var sú að 4. bekkur las mest, eða 4,93 klst. á hvern nemanda og var mjótt á munum því 3. bekkur var með 4,86 klst. á hvern nemanda. FOKS, Foreldra- og starfsmannafélag Síðuskóla gaf verðlaunin, en þau er pizzuveisla fyrir bekkinn á Greifanum. Hér á myndinni til hliðar má sjá 4. bekk með kennurum sínum og þeim Sigmundi og Heimi frá FOKS. Til hamingu 4. bekkur!

Í síðustu viku fór 6. bekkur út á nýja útikennslusvæði skólans. Kennarar og nemendur fóru út á svæði, poppuðu á grillinu og byggðu ýmislegt úr snjó. Nemendur byggðu snjóhús, snjókarla og ýmislegt fleira sem þeim datt í hug. Hér til hliðar má sjá myndir frá þessu skemmtilega uppbroti hjá bekknum.



Spurningakeppni á unglingastigi 1. desember



Keppnislið 10. bekkjar, þau Daníel, Baldur og Fanney Rún

Ein af þeim skemmtilegu hefðum sem við eigum í skólanum er spurningakeppni milli bekkja á unglingastiginu. Keppnin er alltaf haldin 1. desember og skiptist í hraðaspurningar, bjölluspurningar, vísbendingaspurningar og leik. Hörð keppni var í ár, en að lokum sigraði 10. bekkur báðar sínar viður eignir, við 8. og 9. bekk. Við látum nokkrar myndir frá keppninni og mynda af liðunum sem stóðu sig öll vel og voru flottir fulltrúar sinna bekkja.



Keppnislið 8. bekkjar, þeir Breki, Tryggvi og Björgvin



Keppnislið 9. bekkjar, þeir Bergsveinn, Kristján og Jens



Áhorfendur skemmtu sér vel



Keppendur að lokinni keppni með viðurkenningar

Það á að gefa börnum brauð


Það á að gefa börnum brauð
að bíta í á jólunum,
kertaljós og klæðin rauð,
svo komist þau úr bólunum,.
Væna flís af feitum sauð,
sem fjalla gekk á hólunum.
Nú er hún gamla Grýla dauð,
gafst hún upp á rólunum.



Jólamatur

Hulda matráður
og hennar fólk

slær ekki slöku við í eldhúsinu og
þann 14. desember verður jóla-
matur með öllu tilheyrandi á boðstólnum.



MATSEÐILL - desember 2016

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
			1. Soðinn fiskur, kartöflur, salatbar - ávextir	2. Gúllas, kartöflumús, grænmeti
5. Plokkfiskur, rúgbrauð - ávextir	6. Lasagna, snittubrauð	7. Heilhveitisteiktur fiskur, kartöflur, st. laukur/ sveppir - ávextir	8. Píta m. Hakki, grænmeti, sósa - Val nemenda	9. Mjókurgrautur, slátur, smurt brauð
12. Hakk, spaghetty, snittu- brauð	13. Fiskibollur, kartöflur, st. laukur, grænmeti - ávextir	14. Jólamatur	15. Fiskur í ofni, kartöflur, grænmeti - ávextir	16. Súpa, brauð, ávextir
19. Eitthvað óvænt	20. Eitthvað óvænt	21. Litlu jólin	22. Jólafrí - Frístund opin	23. Þorláksmessa - Frístund lokuð
26. Annar í jólum	27.	28. Frístund opin	29. Frístund opin	30. Frístund opin
1. Nýarsdagur	2. Frístund opin	3. Skipulagsdagur - Frístund opin frá kl. 13		